

Mál nr. 194/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: L

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M verið að bera steypuvíbrator út úr vinnuskúr við vinnu hjá L þegar hann steig á mótastífu með þeim afleiðingum að hann féll á jörðina og varð fyrir meiðslum. M tekur fram að slysið hafi átt sér stað fyrir framan vinnuskúr sem sé algeng umferðarleið. Þar séu starfsmenn iðulega að bera þung verkfæri og því meiri hættu en ella á slysi ef umferðarleiðir séu ekki greiðfærar. M telur að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi ekki fylgt fyrirmælum reglna nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, og vanrækslan hafi í för með sér fulla skaðabótaábyrgð gagnvart M. Þá hafi það staðið L nær að upplýsa betur um atvik að slysinu og M geti ekki borið hallan af því að Vinnueftirlitið hafi ekki sinnt þeirri lagaskyldu sinni að rannsaka slysið.

Í bréfi V kemur fram að Vinnueftirlitið hafi fengið tilkynningu um slysið og þar með hafi váttryggingartaki uppfyllt tilkynningarskyldu sína í málinu. Samkvæmt váttryggingartaka sé verklag á byggingarsvæði með þeim hætti að fyrst séu nokkur mót hífið í burtu áður en mótastífur séu losaðar frá steypu plötunni og settar í rekka. Af mynd megi sjá að stífurnar við skúrinn séu vel sjáanlegar og raðað upp við skúrinn. M hafi verið fullkunnugt um þessa vinnu sem hafi verið í gangi þegar slys hann varð. Starfsmenn verði að sýna ákveðna aðgát vegna eðli starfsins og með vísan til fyrirbyggjandi gagna telur V ekki að slysið megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. V telur því að um óhappatílik hafi verið að ræða.

Álit.

Það liggur í máli þessu að M vann á byggingarsvæði þegar hann hrasaði um mótastífuna. Hann mátti vita að vinna var í gangi við að losa mótastífurnar sem eru áberandi og auðvelt var að sjá þær. Þótt mótastífurnar lægju nálægt inngangi vinnuskúrsins verður ekki talið að það hafi orsakað hættu skv. gr. 1.1. í A hluta IV. viðauka reglugerðar 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðvum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, enda eðlilegt að gera þá kröfu til M að sýna aðgát hvar hann stígur við vinnu á byggingarsvæði. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna er ekkert sem bendir til þess að um saknæmi eða ólögmæta háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans hafi verið um að kenna að M datt. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir